



**Þinggerð 66. ársþings KSÍ**  
**Haldið á Hilton Nordica**  
**11. febrúar 2012**

**Þinggerð 66. ársþings KSÍ,  
haldið á Hilton Nordica, 11. febrúar 2012**

Eftir að síðasta knattspyrnutímabil hafði verið rifjað upp og Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, hafði minnst fallinna félagi í knattspyrnuhreyfingunni setti Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, þingið og mælti svo:

Forystufólk íslenskrar knattspyrnu og góðir gestir.  
Góðir þingfulltrúar.

Íslandsmótið í knattspyrnu fór fram á sl. ári eins og það hefur gert allar götur frá 1912. Íslandsmótið hefur frá fyrsta degi verið snar þáttur í mannlífinu og varla er það samfélag eða sú byggð á landinu að þar hafi ekki verið háðir kappleikir undir merkjum þess. Allar götur frá 1912 hefur Íslandsmótið í knattspyrnu verið helsti íþróttaviðburður landsins, fyrst í Reykjavík en síðan um land allt. Almennur sýndi leiknum strax mikinn áhuga og fjölmennti á völlinn og er svo enn í dag. Í tímans rás hefur Íslandsmótið vaxið úr nokkrum leikjum í fleiri þúsund leiki á ári hverju. Aldrei hafa fleiri lið tekið þátt og aldrei hafa leikirnir verið fleiri en einmitt á 100. Íslandsmótinu. Þetta sýnir betur en nokkuð annað að knattspyrnuíþróttin skipar veigamikinn sess meðal Íslendinga og nýtur fádæma vinsælda hér á landi eins og um heim allan.

Margir hafa komið við sögu og gert garðinn frægan með þátttöku sinni en aðrir hafa unnið afrek utan vallar við stjórnun og rekstur knattspyrnuliða. KSÍ fékk Sigmund Ó. Steinarsson, blaðamann, til að rita sögu Íslandsmótsins og rakti Sigmundur hana í máli og myndum í tveimur glæsilegum bókum sem komu út á starfsárinu. Bækurnar gera sögu Íslandsmótsins góð skil og frásögn Sigmundar er lífleg og skemmtileg.

Það hefur mikið breyst í tímans rás. Framfarir hafa orðið í umgjörð leiksins, sér í lagi hvað mannvirki varðar bæði fyrir leikmenn og áhorfendur, nýjungar komið til sögunnar í þjálfun og hvers kyns fræðslu, rekstrarskilyrði og kröfur breyst til mikilla muna. Þróun samfélags okkar hefur einfaldlega leitt til þess að íþróttir gegna þar mikilvægu hlutverki og knattspyrnan er þar í forgrunni. En vandi fylgir vegsemd hverri og knattspyrnuhreyfingin verður að laga sig að kröfum samfélagsins. Það hefur á margan hátt tekist vel og Íslandsmótið í knattspyrnu er augljós staðfesting þess, skipulagt mótahald, þjálfun, leikir og skemmtun fyrir unga sem aldna í 100 ár – vel skipulagðir viðburðir sem höfða til flestra og góð sátt ríkir um.

KR varð Íslandsmeistari með sigri í Pepsi-deild karla en það var einmitt KR sem bar sigur úr býtum í fyrsta mótinu 1912. KR varð einnig bikarmeistari eftir sigur á Þór A. í skemmtilegum úrslitaleik Valitor-bikars karla. Akranes og Selfoss koma nú aftur upp í keppni meðal hinna bestu. Tindastóll mun leika í 1. deild eftir að hafa sigrað bæði í 2. og 3. deild á sl. tveimur árum. Höttur mun leika í fyrsta sinn í 1. deild og KFR í fyrsta sinn í 2. deild.

Nýtt nafn var ritað á Íslandsmeistarabikar kvenna. Stjarnan varð glæsilegur sigurvegari en liðið hafði mikla yfirburði í Pepsi-deild kvenna, vann 17 leiki og tapaði einum. Valur vann KR í úrslitaleik Valitor-bikars kvenna og varð liðið þar með bikarmeistari á 100. afmælisári félagsins. FH flyst upp í Pepsi-deild kvenna ásamt Selfossi sem mun leika þar í fyrsta sinn.

Hamingjuóskir til allra sigurvegarar móta KSÍ og þeirra liða sem náðu þeim áfanga að flytjast upp um deild. Það var ánægjulegt að Ölgerðin ákvað að framlengja samning sinn um heitin á Pepsi-deildunum út árið 2015. Nú eftir áramót ákvað Valitor að framlengja ekki samning sinn vegna bikarkeppni KSÍ og er rétt að þakka fyrirtækinu fyrir 9 ára samstarf á þessum vettvangi. Umfjöllun fjölmiðla um íslenska knattspyrnu var mikil á afmælisárinu og gat almenningur fylgst með gangi mála á ýmsum miðlum. Mótahald KSÍ gekk vel en það var sem fyrr meginstoðin í viðfangsefnum sambandsins og er kostnaður sambandsins vegna þess um 150 milljónir króna eða að meðaltali rúmar 2 milljónir króna á hvert félag sem sendir lið til keppni í meistaraflokki.

Í Evrópukeppni félagsliða bar hæst góð frammistaða KR í undankeppni Evrópudeildarinnar en liðið lagði tvo mótherja að velli. FH og ÍBV léku einnig vel án þess þó að komast áfram eftir fyrstu viðureignina. Breiðablik vann norsku meistarana, Rosenborg, í Kópavogi í undankeppni Meistaradeildarinnar en það dugði ekki til því

fyrri leiknum lauk með ósigri og markatalan var Rosenborg í vil. Valur og Þór/KA léku í 32-liða úrslitum Meistaradeildar kvenna en féllu bæði úr leik. Á komandi tímabili gerist það í fyrsta sinn að lið í 1. deild, Þór A., leikur í Evrópukeppni félagsliða. Þá er ánægjulegt að geta þess að hugsanlegt er að Valur fái einnig sæti í Evrópudeildinni í gegnum háttvísikerfi UEFA en Ísland er við áramót í 4. sæti lista UEFA, rétt á eftir Hollandi sem er í 3. sæti. Nái Ísland 3. sæti listans fær Valur Evrópusæti. Listinn tekur tillit til háttvísi landsliða og félagsliða Íslands frá 1. júní – 31. maí.

A landslið karla lauk þátttöku í undankeppni EM 2012 en úrslitakeppnin fer fram í Póllandi og Úkraínu í sumar. Liðið lék seinni 5 leikina á árinu í sínum riðli í EM, tapaði þremur leikjum, gerði eitt jafntefli og vann einn. Niðurstaðan varð því 4 stig í undankeppninni og 4. sætið í riðlinum. Danmörk varð sigurvegari riðilsins og fór beint í úrslit. Portúgal sem hafnaði í 2. sæti riðilsins komst einnig í úrslit en eftir umspil við Bosníu. Stjórn KSÍ ákvað að endurnýja ekki samning sinn við Ólaf Jóhannesson landsliðsþjálfara en samningurinn rann út um sl. áramót. Ólafi eru þokkuð góð störf fyrir KSÍ sl. 4 ár. Sviinn Lars Lagerbäck var ráðinn landsliðsþjálfari næstu tvö árin, 2012-13, og mun hann stýra liðinu í undankeppni HM 2014 en þar leikur Ísland í riðli með Noregi, Sviss, Slóveníu, Albaníu og Kýpur. KSÍ væntir mikils af störfum hins reynda og sigursæla þjálfara. Lars er einnig góður fyrirlesari og mun leggja sitt af mörkum til að auka við þekkingu þjálfara á Íslandi.

U21 landslið karla tók þátt í úrslitakeppni EM í fyrsta sinn en keppnin fór fram í Danmörku og tóku 8 landslið þátt. Íslenska liðið hafnaði í 3. sæti í sínum riðli eftir leiki gegn Hvíta-Rússlandi, Sviss og Danmörku. Eitt mark í viðbót í sigurleik gegn Dönum hefði skilað liðinu í undanúrslit. Ísland hafnaði því í 5. - 6. sæti í Evrópukeppni landsliða U21 2009-11 en allar 53 aðildarþjóðir UEFA tóku þátt í undankeppninni. Kolbeinn Sigþórsson var valinn í úrvalslið úrslitakeppninnar af UEFA. Þessi árangur Íslands vakti mikla athygli í Evrópu og ljóst má vera að leikmenn liðsins öðluðust dýrmæta reynslu sem vonandi skilar sér í betri árangri A landsliðsins á næstu árum.

Yngri landslið karla og kvenna áttu í heildina gott ár og árangur U17 landsliðs kvenna var frábær en liðið komst í 4ra liða úrslitakeppni EM og hafnaði í 4. sæti, sem er besti árangur Íslands í keppni á vegum UEFA. Tvær stúlkur, þær Írunn Þorbjörg Aradóttir og Lára Kristín Pedersen, voru valdar í úrvalslið keppninnar af UEFA. U17 landslið karla vann Opna Norðurlandamótið í fyrsta sinn en mótið var haldið á Norðurlandi og tókst vel. Þessi árangur sýnir enn á ný hve öflugt uppbyggingarstarf fer fram innan aðildarfélaga KSÍ.

A landslið kvenna hóf keppni í undankeppni EM 2013. Úrslitakeppnin fer fram í Svíþjóð og þar taka 12 lið þátt en UEFA hefur ákveðið að liðin verði 16 í úrslitakeppni EM 2017. Þegar keppnin er hálfnuð er Ísland í 1. sæti með 13 stig úr 5 leikjum. Liðið hefur staðið sig frábærlega og ef það heldur áfram á sömu braut getur það í haust tryggt sér sæti í úrslitakeppninni í Svíþjóð. Sigurvegarar riðlanna í undankeppni komast beint í úrslitakeppnina ásamt því liðið sem hlýtur bestan árangur í 2. sæti. Síðan fara önnur lið í 2. sæti riðlanna í umspil um þrjú sæti í úrslitakeppninni.

Starfsemi KSÍ var viðamikil á sl. starfsári og í raun meiri en nokkurn tímann fyrr. Metár á margan hátt, m.a. í fjölda skipulagðra leikja og fjölda liða í keppni, fræðslustarfsemi var öflugri en áður fyrir þjálfara og dómara. Nú hafa 8 íslenskir þjálfarar lokið æðstu þjálfaragráðu UEFA, Pro gráðu sem er jákvæð þróun fyrir íslenska knattspyrnu. Sífellt eru gerðar meiri kröfur til dómara, þeir þurfa að æfa skipulega árið um kring, standast próf og sækja fyrirlestra. UEFA gerði úttekt á dómarastarfsemi KSÍ í haust og nú í vikunni fengum við staðfestingu á að KSÍ uppfylli skilyrði dómarasáttmála UEFA sem er gæðavottorð á starf okkar og við erum því áfram meðlimir að honum. Starf dómara í knattspyrnu er vandasamt og við gerum sífellt meiri kröfur til þeirra. Við verðum að sýna erfiðu hlutverki þeirra skilning. Það er ekkert til sem heitir fullkomin dómgæsla.

Leyfiskerfi KSÍ er mikilvægur þáttur í starfsemi KSÍ og í raun leið til þróunar og framfarar í umgjörð íslenskrar knattspyrnu. UEFA hefur nú aukið kröfur í leyfiskerfinu þegar kemur að fjármálum með reglum um fjárhagslega háttvísi. Þessar reglur ná ekki til aðildarlanda með félagslið sem velta undir 5 milljónum evra en engu að síður hefur KSÍ til skoðunar að setja viðmið um rekstrarhæfi sem byggir á jákvæðri eiginfjárstöðu.

Rekstrartekjur KSÍ á árinu 2011 námu 766 milljónum króna samanborið við 723 milljónir króna á árinu 2010. Hækkun rekstrartekna skýrist fyrst og fremst af hækkun sjónvarpstekna og auknu framlagi frá UEFA.

Sjónvarpstekjur jukust vegna þess að samkomulag náðist við skilanevnd Kaupþings banka og lauk þar með ágreiningi aðila með því að KSÍ fékk 85 milljón króna eingreiðslu vegna skuldfærslu sem bankinn gerði 2009 upp á 135 milljón króna. Þessar 85 milljónir króna juku sjónvarpstekjur KSÍ um 17 milljónir á árinu og mun svo verða næstu fjögur ár.

Þá jukust framlög UEFA, að stærstum hluta vegna þátttöku U21 landsliðsins í úrslitakeppninni í Danmörku. Nauðsynlegt er að koma því skýrt á framfæri að í langflestum tilfellum er framlag UEFA í tilteknum málaflokki hið sama til allra aðildarlandanna 53ja, lítilla sem stórra, en okkur tekst í sumum þáttum að gera hlutina þannig að afgangur verður sem vitanlega gengur til heildarreksturs sambandsins. Síðan er rétt að halda því til haga að sökum fjarlægðar Íslands frá meginlandi Evrópu hallar á KSÍ þegar kemur að framlögum UEFA vegna ferðakostnaðar yngri landsliða.

Rekstrarkostnaður KSÍ var í samræmi við áætlanir eða um 705 milljónir króna. Rekstrarhagnaður ársins nam tæpri 61 milljón króna, en áætlanir gerðu ráð fyrir rúmlega 56 milljóna króna hagnaði. Að teknu tilliti til fjármagnsliða var hagnaður af starfsemi KSÍ um 92 milljónir króna.

Styrkir og framlög til aðildarfélaga á árinu námu um 83 milljónum króna vegna barna- og unglingsstarfs, leyfiskerfis og fleira. Samþykkt áætlun gerði ráð fyrir styrkjum að fjárhæð 69 milljónum króna. Að teknu tilliti til styrkja og framlaga til aðildarfélaga nam hagnaður ársins því ríflega 9 milljónum króna.

Fjárhags- og eignastaða KSÍ er traust við áramót og lausafjárstaða góð. Handbært fé um 338 milljónir króna og eignir alls 813 milljónir króna. Eigið fé KSÍ var um 228 milljónir króna í árslok.

Rekstrartekjur KSÍ voru 766 milljónir króna eins og áður sagði og að auki runnu um 300 milljónir króna til aðildarfélaga KSÍ sem ekki voru tekjufærðar hjá knattspyrnusambandinu heldur viðkomandi félögum en það voru framlög frá UEFA og tekjur af sjónvarps- og markaðsrétti. Í heild voru tekjurnar því rúmur milljarður króna og var einn þriðji þeirra tekjufærður hjá aðildarfélögum sambandsins. Gera má ráð fyrir að rekstrartekjur knattspyrnufélaganna í heild hafi verið um 3 milljarðar króna á árinu 2011.

Framundan eru breytingar á sölu sjónvarpsréttar A landsliðs karla því að UEFA hefur ákveðið að selja sjálft sjónvarpsrétt af undankeppni EM 2016 og undankeppni HM 2018 en hingað til hefur sú sala verið í höndum einstakra knattspyrnusambanda. Hugmyndin er í sjálfum sér einföld, auka á tekjur knattspyrnusambanda á kostnað milliliða sem keypt hafa rétt til útsendinga frá leikjum og selt áfram til sjónvarpsstöðva. Þetta hefur í för með sér að KSÍ vinnur að samkomulagi við Sportfive um að núverandi samningar aðila renni út í árslok 2013 í stað 2015. Það hefur síðan þær afleiðingar að sala á sjónvarpsrétti frá deildarkeppni og bikarkeppni KSÍ mun einnig breytast frá og með árinu 2014 en þangað til mun Sportfive fara með þau réttindi. Vitanlega kann samstarf KSÍ og Sportfive að halda áfram en það yrði væntanlega ekki með sömu formerkjum þar sem tengslin við A landslið karla verða rofin. Sportfive vinnur nú að sölu sjónvarpsréttar á íslenskum markaði frá landsleikjum sem og deildarkeppni og bikarkeppni KSÍ fyrir árin 2012 og 2013. Ég sit í vinnuhóp UEFA sem vinnur að undirbúningi fyrrnefndra breytinga sem miða ekki eingöngu að því að auka tekjur heldur líka að skipuleggja betur útsendingar frá landsleikjum og umgjörð þeirra í Evrópu. Spennandi verkefni sem íslensk knattspyrna mun hagnast á.

Allt okkar starf miðar að því að gera knattspyrnuna og umgjörð hennar betri. Í því starfi verðum við að bera gæfu til að vinna saman þó að við tökumst heiðarlega á innan vallar. Knattspyrnustarfið um heim allan snýst æ meira um fjármál og Ísland er engin undantekning á því. Kannski er það svo að því meiri sem fjármagnið verður því harðari verða átökin um það. Ég berst fyrir hagsmuni KSÍ með oddi og egg og mun hér eftir sem hingað til hafa hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi í þeim störfum.



Stjórn KSÍ þakkar ykkur forystusveit íslenskrar knattspyrnu fyrir frábær störf á starfsárinu og fyrir gott samstarf. Það er fyrir ykkar miklu störf sem knattspyrnuhreyfingin á Íslandi stendur eins sterk og raun ber vitni. Við óskum ykkur gæfu á komandi keppnistímabili.

Ársþing KSÍ er vettvangur til umræðu og breytinga. Við hittumst hér til að ræða saman formlega, en ekki síður til þess að bera saman bækur okkar með óformlegum hætti. Staða íslenskrar knattspyrnu er góð þegar ég segi 66. ársþing Knattspyrnusambands Íslands sett.

---

### Viðurkenningar fyrir síðasta starfsár

Geir Þorsteinsson afhenti Óskari Ófeigi Jónssyni, blaðamanni á 365-miðlum, viðurkenningu fyrir mikilvægt starf til kynningar á knattspyrnuíþróttinni.

Tilkynnt var að jafnréttisviðurkenning KSÍ verði veitt í hátíðarkvöldverði ársþingsins. Katrín Jónsdóttir hlaut viðurkenninguna þá og jafnframt var hún heiðruð fyrir 100 landsleiki fyrir Íslands hönd. Gestir í kvöldverðinum fögnuðu Katrínu vel og lengi.

Geir Þorsteinsson afhenti grasrótarverðlaun KSÍ og UEFA. Veitt voru verðlaun í þremur flokkum og eru þessir flokkar ákveðnir af UEFA. Verðlaunin hlutu eftirfarandi:

Grasrótarviðburður ársins – Hvöt fyrir Smábæjarleikana á Blönduósi.

Grasrótarviðburður stúlkna – ÍBV fyrir Þæjumót TM í Vestmannaeyjum.

Grasrótarviðburður fatlaðra – Víkingur Reykjavík vegna knattspyrnumóts Special Olympics og móts í unified knattspyrnu þar sem fatlaðir og ófatlaðir leika saman í liði.

Geir Þorsteinsson afhenti Drago-styttunnar, til Vals og ÍBV í Pepsi-deild karla og BÍ/Bolungarvíkur í 1. deild karla. Þá fékk Reynir Sandgerði viðurkenningu fyrir heiðarlega framkomu í 2. deild karla og KFG í 3. deild karla. ÍBV fékk kvennabikarinn sem viðurkenningu fyrir heiðarlega framkomu í Pepsi-deild kvenna og HK/Víkingur og Völsungur fyrir heiðarlega framkomu í 1. deild kvenna.

---

### Formaður KSÍ gerði tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd og voru þeir sjálfkjörnir:

Almar Guðmundsson formaður, UMSK

Eiríkur Einarsson, ÍBR

Þorsteinn Magnússon, ÍRB

Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

### Formaður KSÍ gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:

1. þingforseti: Guðmundur Pétursson

2. þingforseti: Steinn Halldórsson

og voru þeir báðir samþykktir af þingfulltrúum með lófataki. 1. þingforseti tók því næst við þingstjórn.

### Fram var borin tillaga um 1. og 2. þingritara:

1. þingritari: Ágúst Ingi Jónsson

2. þingritari: Klara Bjartmarz

og voru þau bæði samþykkt með lófataki og tóku þegar til starfa.

## Ávörp gesta

Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður Ungmennafélags Íslands, færði Knattspyrnusambandinu hamingjuóskir með gott starf á liðnu ári og sagði marga líta KSÍ öfundaraugum. Hún sagði starf KSÍ einkennast af metnaði og hungri eftir árangri. Hún sagði að í áranna rás hefði starfsemi KSÍ og UMFÍ verið samofin og óskaði knattspyrnuhreyfingunni góðs gengis.

Hafsteinn Pálsson flutti ársþinginu kveðju forseta og stjórnar Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands. Hann sagði Knattspyrnusambandið sýna ábyrgan og góðan rekstur og óskaði hreyfingunni til hamingju með gott starf. Hann sagði margt vera döfinni hjá ÍSÍ og nefndi 100 ára afmæli sambandsins í síðasta mánuði, Ólympíuleika í London á sumri komanda, öflugar almenningsíþróttir og viðamiknið starf í fjölda greina þar sem knattspyrnan ætti sinn sess. Hann sagði að nokkur árangur hefði náðst í viðræðum við ríkisvaldið um aukið fjármagn til íþróttastarfs í landinu. Hafsteinn veitti að lokum Jóni Gunnlaugssyni gullmerki ÍSÍ fyrir mikið starf á vettvangi knattspyrnunnar.

---

## Álit kjörbréfanefndar

Almar Guðmundsson flutti álit kjörbréfanefndar.

Frá HSB (1): Samúel Samúelsson.

Frá HSH (3): Jónas Gestur Jónasson, Hilmar Hauksson og Vigfús Gíslason.

Frá HSK (10): Þorsteinn Magnússon, Sveinbjörn Másson, Jón Sveinsson, Eyjólfur Harðarson, Valgeir Ásgeirsson, Jónas Bergmann Magnússon, Óli Jón Ólason, Gestur Guðjónsson, Guðbjartur Örn Einarsson og Hjalti Þorvarðarson.

Frá HSV (2): Jón Hálfván Pétursson og Jóhann Torfason.

Frá HSP (3): Sveinn Aðalsteinsson, Páll Kristjánsson og Pálmar Magnússon.

Frá ÍA (4): Gísli Gíslason, Þórður Guðjónsson, Örn Gunnarsson og Ingi Fannar Eiríksson.

Frá ÍBA (6): Unnsteinn Jónsson, Aðalsteinn Pálsson, Páll Gíslason, Gunnar Níelsson, Páll Jónsson og Bjarni Áskelsson.

Frá ÍBH (6): Jón Björn Skúlason, Ágúst Sindri Karlsson, Jón Rúnar Halldórsson, Knútur Bjarnason, Viðar Halldórsson, Gunnar Gunnarsson og Steinar Stephensen.

Frá ÍRB (6): Þorsteinn Magnússon, Einar H. Aðalbjörnsson, Oddur Sæmundsson, Ólafur Bjarnason, Leifur Gunnlaugsson og Arngrímur Guðmundsson.

Frá ÍBR (36): Ólafur Geir Magnússon, Ólafur Pétursson, Jón Vilhjálmsson, Ámundi Halldórsson, Kristinn Kjærnested, Baldur Stefánsson, Jónas Sigurðsson, Jónas Kristinsson, Haraldur Daði Ragnarsson, Sigurður Gunnarsson, Kjartan Orri Sigurðsson, Björn Guðbjörnsson, Guðmundur Torfason, Rafn B. Rafnsson, Júlíus Guðmundsson, Björn Einarsson, Haraldur Haraldsson, Heimir Gunnlaugsson, Pétur Ó. Stephensen, Jón Kaldal, Baldur Haraldsson, Kári Arnórsson, Guðni Þórisson, Einar Hermannsson, Karl Arthúrsson, Halldór Halldórsson, Oscar Clausen, Páll Kristjánsson, Björn Berg Gunnarsson, Zakaríja Elías Anbari, Eiríkur Þ. Einarsson, Rúnar Óskarsson, Pétur Ormslev, Jón Sigurðsson, Bjarni Bentsson, Bjarni Björnsson, Þórður Einarsson Andri Stefánsson.

Frá UÍF (2): Heiðar Gunnólfsson og Lúðvík Ásgeirsson.

Frá ÍBV (5): Valur Smári Heimisson, Óskar Örn Ólafsson, Hannes Gústafsson, Guðný Óskarsdóttir og Hjalti Kristjánsson.

Frá ÍS (8): Jónas Þórhallsson, Rúnar Sigurjónsson, Eiríkur Leifsson, Sigurður Halldórsson, Sigurður Jóhannsson, Jóhann Magni Jóhannsson, Gísli Heiðarsson og Vignir Arason.

Frá UÍA (6): Óttar Ármannsson, Óttar Steinn Magnússon, Árni Ólason, Stefán Már Guðmundsson, Heimir Þorsteinsson og Kjartan Bragi Valgeirsson.

Frá UMSE (1): Björn Friðþjófsson.

Frá UMSB (1): Kristmar Ólafsson.

Frá UMSK (21): Almar Guðmundsson, Gunnar Leifsson, Sæmundur Friðjónsson, Valgeir Sigurðsson, Jón Sigurðsson, Hilmar B. Sigurðsson, Hallur Birgisson, Hanna Símonardóttir, Friðrik Már Gunnarsson, Bjarki Már Sverrisson, Einar Kristján Jónsson, Ingvi J. Ingvason, Borghildur Sigurðardóttir, Atli Sigurðsson, Ómar Geir Þorgeirsson, Baldur Már Bragason, Snorri Gissurarson, Ari Axelsson, Magnús Valur Böðvarsson, Valdimar Leó Friðriksson og Sigvaldi Einarsson.

Frá UMSS (3): Ómar Bragi Stefánsson, Stefán Arnar Ómarsson og Haukur Skúlason.

Frá USAH (1): Eysteinn P. Lárusson.

Frá USÚ (1): Valdemar Einarsson.

Enginn mætti frá: HHF, HSS, UDN, USVH og USVS.

Fyrirnefndir 126 fulltrúar mættu til þings og voru kjörbréf þeirra einróma samþykkt. Auk þeirra sátu fjölmargir varafulltrúar ársþingið.

---

**Framkvæmdastjóri KSÍ, Þórir Hákonarson, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar.**

**Gjaldkeri KSÍ, Guðrún Inga Sívertsen, skýrði reikninga sambandsins og Laugardalsvallar.**

### **Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga**

Viðar Halldórsson tók til máls og spurði í fyrsta lagi hvernig styrkjum frá UEFA væri varið til hinna ýmsu verkefna, í öðru lagi spurði hann hvort stjórn KSÍ hefði ákveðið hvort mannvirkjastyrkjum frá UEFA yrði varið til mannvirkjamála á næsta fjögurra ára hring, sem hefst á þessu ári, og í þriðja lagi spurði hann hvort sjónvarpstekjur til KSÍ væru eingöngu til komnar vegna leikja A-landsliðs karla.

Valdimar Leó Friðriksson tók til máls og þakkaði góðan rekstur og fyrir þá fjármuni sem renna í gegnum KSÍ niður til félaganna. Hann velti því upp hvort KSÍ ætti að taka fleiri verkefni að sér frá félögum. Hann spurði hvar fjármunir sambandsins væru geymdir. Loks sagði hann að brýnt væri að kynna ársreikninga vel og koma réttum upplýsingum á framfæri.

Stefán Már Guðmundsson þakkaði gott aðgengi að upplýsingum á heimasíðu KSÍ og að starfsfólki sambandsins. Hann sagði að auknu starfi í yngri flokkum, t.d. 2. flokki, fylgdi mikill kostnaður og þá einkum ferðakostnaður. Hann spurði hvort hægt væri að finna leiðir til að minnka þennan kostnað félaganna.

Þórir Hákonarson og Guðrún Inga Sívertsen svöruðu fyrstu spurningum í sameiningu. Spurningum Viðars svöruðu þau þannig að í fyrsta lagi hefði framlag UEFA í heild numið 284 milljónum króna í fyrra og ráðstöfun þeirra fjármuna væri skilgreind í ársreikningum, þar kæmi m.a. fram að stærsti liðurinn hefði verið eyrnamerkur almennum rekstri, í þann lið hefði farið 81 milljón króna eða 32%. Í öðru lagi hefði stjórn KSÍ ákveðið að verja 30 milljónum króna af styrk UEFA til mannvirkjasjóðs 2012 eins og fram kom í framlagðri fjárhagsáætlun. Um frekari ráðstöfun hefði ekki verið tekin ákvörðun.

Þórir sagði að forysta KSÍ væri meðvituð um að brýnt væri að koma upplýsingum um reksturinn á framfæri og í því skyni hefði fjölmiðlum verið boðið til fundar til að kynna þeim ársreikninga sambandsins. Lítil áhugi hefði hins vegar verið fyrir fundinum.

Þórir sagði að ef gera ætti breytingar á þátttöku í ferðakostnaði yrði að vera ríkur vilji til þess innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Hins vegar ætti þetta verkefni auðvitað að vera á borði ríkisvaldsins.

Viðar Halldórsson spurði af hverju tekjur vegna landsleikja væru ekki sundurliðaðar eins og gjöldin.

Þórir svaraði því til að mun oftari væri spurt um kostnaðinn heldur en sundurliðun á tekjum.

Jónas Þórhallsson minnti á að fáir hefðu trúnað því að hægt væri að fá virðisaukaskatt endurgreiddan af vinnukostnaði við mannvirki. Það hefði tekist. Nú sagði Jónas að leggjast ætti á ríkið til að fá endurgreiddan tekjuskatt af þjálfun.

Hjalti Kristjánsson spurði hvort til stæði að hefja á ný greiðslur úr Slysasjóði ÍSÍ.

Þórir sagði að framlög frá ríkinu í Slysasjóð hefðu verið skorin niður. Ítrekað hefði verið reynt að fá þær auknar á ný, meðal annars á fundi með velferðarráðherra á síðasta ári.

Jón Björn Skúlason spurði hvort barna- og unglíngastyrkir frá UEFA gætu runnið til annarra félaga en þeirra sem leika í efstu deild. Hann spurði hvort hægt væri að sækja um undanþágu frá þessari reglu, hvort KSÍ hygðist gera það og ef ekki þá skoraði hann á sambandið að gera það sem allra fyrst.

Viðar Halldórsson svaraði Jóni Birni, en hann er fulltrúi FH í Samtökum evrópskra knattspyrnufélaga (European Club Association - ECA). Viðar sagði að þetta fyrirkomulag byggði á samkomulagi þeirra samtaka og UEFA. Samtökin myndu ekki samþykkja slíka undanþágu.

Jón Björn spurði hann þá hver yrði hans afstaða ef tillaga kæmi fram um breytingar.

Viðar sagðist myndu leggjast gegn þeim.

Geir Þorsteinsson rakti fyrirkomulag þessara styrkja frá því að þeir komu fyrst til fyrir um áratug. Hér hefðu styrkirnir verið greiddir félögum í tveimur efstu deildum sem höfðu uppeldisstefnu. Frá 2010 hefði UEFA ákveðið að einskorða þessa styrki við efstu deild. Í kjölfarið hefði KSÍ endurskoðað fyrirkomulag sambandsins á barna- og unglíngastyrkjum. Stóra málið væri hins vegar að ná þyrfti meiri fjármunum til minni knattspyrnusambanda því allt væri þetta jú barátta um peninga.

Jón Rúnar Halldórsson benti á að nú færu mun meiri fjármunir í heild í barna- og unglíngastyrki en áður og að hluta til byggðist það á gengisskráningu. Ná þyrfti sátt um núverandi fyrirkomulag og hvernig farið væri með fjármuni sambandsins.

Óskar Clausen sagðist ekki skilja hvers vegna KSÍ hefði ekki sótt um undanþágu frá fyrrnefndri reglu og varðandi gengið sagði hann að það hefði líka áhrif á rekstur og afkomu KSÍ.

Einar Kristján Jónsson ræddi skiptingu þeirra fjármuna sem koma í barna- og unglíngastyrki frá UEFA og benti á að félag í efstu deild með 1100 unga iðkendur fengi sömu upphæð og félag í sömu deild með 300 unga iðkendur. Hann spurði hvort þetta væri réttlátt.

Almar Guðmundsson velti því upp hversu mikið af fjármunum sambandsins ætti að vera í handbæru fé. Hann beindi því til næstu stjórnar að hún hefði skoðun á því hversu mikið þetta ætti að vera á hverjum tíma.

Reikningar sambandsins voru síðan samþykktir með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

---

## Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 14

Tillögur á þingskjölum 6 til 14 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.



## Þingskjal 6

Þórir Hákonarson hafði framsögu.

## Rekstraráætlun 2012

	Skýr.	Áætlun 2012	Niðurstaða 2011	Áætlun 2011
<b>Rekstrartekjur</b>				
Styrkir og framlög	1	448.100.000	421.784.996	416.300.000
Tekjur af landsleikjum		20.250.000	13.558.878	27.000.000
Sjónvarpsréttur		237.000.000	237.316.600	216.000.000
Aðrar rekstrartekjur		32.450.000	30.237.039	30.450.000
Rekstrartekjur Laugardalsvallar		39.310.000	63.558.107	64.860.000
		<b>777.110.000</b>	<b>766.455.620</b>	<b>754.610.000</b>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Kostnaður við landslið	2	-302.230.000	-276.524.657	-270.385.000
Mótakostnaður		-111.200.000	-111.573.255	-111.300.000
Fræðslukostnaður		-31.800.000	-27.380.215	-32.550.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	-174.550.000	-168.780.879	-166.500.000
Húsnæðiskostnaður		-19.200.000	-18.792.653	-19.000.000
Annar rekstrarkostnaður		-10.000.000	-14.813.341	-11.500.000
Rekstrargjöld Laugardalsvallar		-49.750.000	-50.161.438	-55.750.000
Afskriftir		-15.000.000	-37.459.047	-31.000.000
		<b>-713.730.000</b>	<b>-705.485.485</b>	<b>-697.985.000</b>
<b>Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld</b>		<b>63.380.000</b>	<b>60.970.135</b>	<b>56.625.000</b>
<b>Aðrar tekjur og gjöld</b>				
Styrkir vegna mannvirkjasjóðs KSÍ		30.000.000	26.731.366	25.000.000
Framlög úr mannvirkjasjóði KSÍ		-30.000.000	-26.731.366	-25.000.000
Fjármunatekjur		15.000.000	14.843.776	15.000.000
Fjármagnsgjöld		-1.000.000	-1.289.287	-1.000.000
Gengismunur		0	17.640.440	0
		14.000.000	31.194.929	14.000.000
<b>Hagnaður</b>		<b>77.380.000</b>	<b>92.165.064</b>	<b>70.625.000</b>
<b>Styrkir og framlög til aðildarfélaga</b>		<b>-77.300.000</b>	<b>-82.674.549</b>	<b>-69.000.000</b>
<b>Niðurstaða eftir greiðslur til aðildarfélaga</b>		<b>80.000</b>	<b>9.490.515</b>	<b>1.625.000</b>

## Skýringar

	Áætlun 2012	Niðurstaða 2011	Áætlun 2011
<b>1. Styrkir og framlög</b>			
ÍsÍ	22.900.000	25.817.808	21.700.000
Getraunir	5.000.000	5.258.135	5.000.000
UEFA styrkir	315.200.000	282.859.440	264.600.000
FIFA styrkir	55.000.000	68.799.613	75.000.000
Ýmsir styrkir	50.000.000	39.050.000	50.000.000
	<b>448.100.000</b>	<b>421.784.996</b>	<b>416.300.000</b>

**2. Kostnaður við landslið**

A-landslið karla	117.030.000	91.463.465	89.940.000
U-21 landslið karla	34.930.000	40.780.265	37.890.000
U-19 landslið karla	13.640.000	15.462.211	12.070.000
U-17 landslið drengja	20.020.000	27.205.141	22.820.000
A-landslið kvenna	58.750.000	47.255.015	57.845.000
U-19 landslið kvenna	18.390.000	11.638.722	16.625.000
U-17 landslið stúlkna	22.180.000	22.634.086	16.100.000
Sameiginlegur landsliðskostnaður	17.290.000	20.085.752	17.095.000
	<b>302.230.000</b>	<b>276.524.657</b>	<b>270.385.000</b>

**3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður**

Launakostnaður	96.800.000	91.164.964	92.900.000
Launatengd gjöld	24.900.000	22.941.663	22.500.000
Skrifstofu- og nefndakostnaður	52.850.000	54.674.252	51.100.000
	<b>174.550.000</b>	<b>168.780.879</b>	<b>166.500.000</b>

Haraldur Haraldsson tók til máls og benti á að af 40 milljónum frá UEFA vegna leyfiskerfis færu 12 milljónir til félaganna. Hann sagði félögin bera talsverðan kostnað af leyfiskerfinu og spurði hvort þessi upphæð yrði óbreytt á næsta ári.

Þórir Hákonarson svaraði því játandi.

Haraldur spurði þá hvert hinar 28 milljónirnar færu.

Þórir sagði þessir fjármunir færu í ýmsa aðra starfsemi á vegum sambandsins, meðal annars til að taka þátt í mótakostnaði. Þá hefði KSÍ tekið yfir dómarakostnað, sem félög annars staðar í Evrópu greiddu.

**Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt.**

## Þingskjal 7

Þórður Einarsson hafði framsögu.

**Tillaga um breytingu  
á lögum KSÍ  
– Fjölgun deilda –**

**Lagt er til við ársþing KSÍ eftirfarandi breyting á lagaákvæði 33.1 og viðeigandi breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót:**

**Lagagreinin hljóðar svo:**

33. grein - Knattspyrnumót

33.1. Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í 4 deildir, 0. deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum og 3. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í þremur efstu deildunum.

**Greinin hljóði svo, breytingar feitletraðar:**

33. grein - Knattspyrnumót

33.1. Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í **5 deildir**, 0. deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, **3 deild 10 liðum** og **4. deild** skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í fjórum efstu deildunum.

**Ákvæði til bráðabirgða 2012.:**

Í 4. deild karla skal fyrst leikið 2013 og því skal 3. deild karla 2012 leikin skv. sama fyrirkomulagi og 3. deild karla 2011.

Tvö efstu lið 3.deildar 2012 færast í 2. deild en 2 neðstu lið 2.deildar 2012 færast niður og leika í hinni nýju 3.deild 2013. Öll lið sem vinna sér þátttökurétt í úrslitakeppni 3.deildar karla árið 2012 að undanskildum þeim liðum sem leika til úrslita (og hafa því unnið sér sæti í 2. deild 2013), vinna sér sæti í 3.deild karla árið 2013.

Liðin sem lenda í þriðja sæti í riðlakeppni 3.deildar 2012 leika úrslitaleik um sæti í 3.deild 2013. Fyrirkomulagið verður með þeim hætti að leiknir verða hreinir úrslitaleikir, á hlutlausum velli milli liðsins í 3. sæti A riðils og liðsins í 3. sæti C riðli annars vegar og liðsins í 3. sæti B riðils og 3. sæti D riðils hinsvegar. sigurvegarar leikjanna vinna sér sæti í hinni nýju 3. deild árið 2013.

Ákveði mótanefnd að hafa fleiri eða færri riðla í 3. deild en fjóra árið 2012, ákveður stjórn KSÍ keppnisfyrirkomulag um laust sæti í 3.deild árið 2013.

Öll þau félög sem ekki vinna sér með þessum hætti sæti í 3. deild karla árið 2013 skulu leika í 4.deild árið 2013.

**Greinargerð:**

Ýmsar ástæður eru fyrir tillögunni þar helst að getumunur á milli liða í núverandi 3. deild er mikill og tvö til fjögur neðstu lið riðilsins standa hinum yfirleitt langt að baki. Einnig er talsvert meiri utandeildar stimpill á mörgum liðum þarna og því möguleiki að byggja upp deild fyrir minni félög utan af landi sem styrkir þá starfið þeirra. Fall úr 2. deild karla verður ekki jafn mikið áfall og því líklegra að bæjarfélög utan af landi nái að taka þátt í alvöru deildarkeppni sem stendur ekki og fellur með einum leik yfir sumarið í úrslitakeppninni. Breiddin í íslenskum fótbolta ætti að aukast og hin nýja 4. deild yrði sennilega mun jafnari riðlakeppni en nú er.

Leiknir R og KB

Hjalti Kristjánsson tók til máls og sagðist vera á móti þessari tillögu, að svo stöddu að minnsta kosti. Rakti hann meðal annars styrk og getumun liða í neðri deildunum.

Kjartan Bragi Valgeirsson tók til máls og lýsti yfir stuðningi við tillöguna. Sagði hann breytinguna litlu félögunum til framdráttar, þau fengju að keppa við alvöru félög með alvöru metnað.

Tillaga á þingskjali 7 var samþykkt 58/27 eða með ríflega 68% atkvæða. Um lagabreytingu var að ræða og þurfti því 2/3 atkvæða.

## Þingskjal 8

**Ályktunartillaga um breytingu  
á reglugerð KSÍ um aga – og úrskurðarmál  
– Fjöldi spjalda og viðurlög –**

Lagt er til við stjórn KSÍ að breyting verði gerð á ákvæði 13.1.1. greinar í reglugerð KSÍ um aga – og úrskurðarmál.

### ***Greinin hljóðar svo***

13.1.1. Leikmaður sem fær eftirfarandi fjölda áminninga á sama keppnistímabili skal úrskurðaður í leikbann sem hér segir:  
4 áminningar – bann í 1 leik  
6 áminningar – bann í 1 leik  
8 áminningar – bann í 2 leiki  
10 áminningar – bann í 2 leiki  
Hver áminning eftir það - bann í 2 leiki.

### ***Greinin hljóði svo:***

13.1.1. Leikmaður sem fær eftirfarandi fjölda áminninga á sama keppnistímabili skal úrskurðaður í leikbann sem hér segir:  
5 áminningar – bann í 1 leik  
7 áminningar – bann í 1 leik  
9 áminningar – bann í 2 leiki  
11 áminningar – bann í 2 leiki  
Hver áminning eftir það - bann í 2 leiki.

### ***Greinargerð:***

Við teljum rökin fyrir þessu vera sú að eftir að liðum var fjölgað úr 10 í 12 í þremur efstu deildum Íslandsmóts karla, hefur fjölda áminninga sem þarf til að lenda í leikbanni staðið í stað. Okkur hefur fundist umræðan almenn vera þannig að mönnum finnst 4 spjöld eins og er í dag of lítið.

KF

Tillaga á þingskjali 8 var ekki tekin til afgreiðslu.



## Þingskjal 9

Framsögu hafði Örn Gunnarsson

**Ályktunartillaga um breytingu  
á reglugerð KSÍ um aga – og úrskurðarmál  
– Aðskilnaður viðurlaga í Íslandsmóti og bikarkeppni–**

Lagt er til við stjórn KSÍ að breyting verði gerð á ákvæði 13. greinar í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

**Greinin hljóðar svo:**

13. gr. Viðurlög við agabrotum
- 13.1. Viðurlög við agabrotum ákvarðast sem hér segir:
- 13.1.1. Leikmaður sem fær eftirfarandi fjölda áminninga á sama keppnistímabili skal úrskurðaður í leikbann sem hér segir:
- 4 áminningar –bann í 1 leik
  - 6 áminningar –bann í 1 leik
  - 8 áminningar –bann í 2 leiki
  - 10 áminningar –bann í 2 leiki
- Hver áminning eftir það - bann í 2 leiki
- 13.1.2. Leikmaður, sem vísað er af leikvelli einu sinni eða oftari á sama keppnistímabili, skal fara sjálfkrafa í leikbann í næsta leik eða næstu leikjum sem hér segir:
- 1. brottvísun –sjálfkrafa bann í 1 leik
  - 2. brottvísun –sjálfkrafa bann í 2 leiki
  - 3. brottvísun –sjálfkrafa bann í 3 leik
  - 4. brottvísun –sjálfkrafa bann í 4 leiki, o.s.frv.
- 13.1.3. Sé leikmanni vísað af leikvelli eftir að hann hefur hlotið áminningu, skal hann eingöngu hljóta refsingu í samræmi við brottvísunina, þ.e. áminningin fellur niður.
- 13.1.4. Sé leikmanni vísað af leikvelli fyrir ofsalega framkomu, alvarlega grófa leik eða aðra grófa óþróttamannslega framkomu, skal refsa honum með leikbanni allt að 6 leikjum.
- 13.1.5. Aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að setja leikmann í tímabundið keppnisbann í öllum aldursflokkum, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða.

**Greinin hljóði svo með viðbættum ákvæðum:**

13. gr. Viðurlög við agabrotum
- 13.1. Viðurlög við agabrotum ákvarðast sem hér segir:
- 13.1.1. Leikmaður sem fær eftirfarandi fjölda áminninga á sama **Íslandsmóti** skal úrskurðaður í leikbann sem hér segir:
- 4 áminningar –bann í 1 leik
  - 6 áminningar –bann í 1 leik
  - 8 áminningar –bann í 2 leiki
  - 10 áminningar –bann í 2 leiki
- Hver áminning eftir það - bann í 2 leiki
- 13.1.2. Leikmaður, sem vísað er af leikvelli einu sinni eða oftari á sama **Íslandsmóti**, skal fara sjálfkrafa í leikbann í næsta leik eða næstu leikjum sem hér segir:
- 1. brottvísun –sjálfkrafa bann í 1 leik
  - 2. brottvísun –sjálfkrafa bann í 2 leiki
  - 3. brottvísun –sjálfkrafa bann í 3 leik
  - 4. brottvísun –sjálfkrafa bann í 4 leiki, o.s.frv.
- 13.1.3. *Leikmaður sem fær eftirfarandi fjölda áminninga í sömu bikarkeppni skal úrskurðaður í leikbann sem hér segir:*
- 3 áminningar – bann í 1 leik

- 13.1.4. *Leikmaður, sem vísað er af leikvelli einu sinni eða oftár í sömu bikarkeppni, skal fara sjálfkrafa í leikbann í næsta leik eða næstu leikjum sem hér segir:*  
 1. brottvísun –sjálfkrafa bann í 1 leik  
 2. brottvísun – sjálfkrafa bann í 2 leiki o.s.frv.
- 13.1.5. Sé leikmanni vísað af leikvelli eftir að hann hefur hlotið áminningu, skal hann eingöngu hljóta refsingu í samræmi við brottvísunina, þ.e. áminningin fellur niður.
- 13.1.6. Sé leikmanni vísað af leikvelli fyrir ofsalega framkomu, alvarlega grófa leik eða aðra grófa óþróttamannslega framkomu, skal refsa honum með leikbanni allt að 6 leikjum.
- 13.1.7. Aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að setja leikmann í tímabundið keppnisbann í öllum aldursflokkum, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða.

**Greinargerð:**

Rök fyrir tillögu þessari eru einkum þau að höfundar tillögu þessarar telja það mjög óeðlilegt að frammistaða liðs eða brot í einni keppni sé að hafa áhrif á frammistöðu í annarri. Lið sem ná langt í bikarkeppni, leika umtalsvert fleiri leiki en þau lið sem detta snemma út úr bikarkeppni og því getur samkeppnisstaða þeirra verið umtalsvert verri fyrir vikið

Breiðablik, FH, Fram, Fylkir, Keflavík, KR, ÍA, ÍBV, Valur, Víkingur, Selfoss, Stjarnan og Þór A

**Tillaga á þingskjali 9 var ekki tekin til afgreiðslu.**

Róbert Agnarsson tók til máls og var fjallað saman um þingskjöl 8 og 9. Kynnti hann eftirfarandi breytingartillögu sem stjórn KSÍ lagði fram:

**Breytingatillaga vegna agaviðurlaga á þingskjölum 8 og 9****Greinin hljóðar svo:**

13. gr. Viðurlög við agabrotum
- 13.1. Viðurlög við agabrotum ákvarðast sem hér segir:
- 13.1.1. Leikmaður sem fær eftirfarandi fjölda áminninga á sama keppnistímabili skal úrskurðaður í leikbann sem hér segir:  
 4 áminningar –bann í 1 leik  
 6 áminningar –bann í 1 leik  
 8 áminningar –bann í 2 leiki  
 10 áminningar –bann í 2 leiki  
 Hver áminning eftir það - bann í 2 leiki
- 13.1.2. Leikmaður, sem vísað er af leikvelli einu sinni eða oftár á sama keppnistímabili, skal fara sjálfkrafa í leikbann í næsta leik eða næstu leikjum sem hér segir:  
 1. brottvísun –sjálfkrafa bann í 1 leik  
 2. brottvísun –sjálfkrafa bann í 2 leiki  
 3. brottvísun –sjálfkrafa bann í 3 leik  
 4. brottvísun –sjálfkrafa bann í 4 leiki, o.s.frv.
- 13.1.3. Sé leikmanni vísað af leikvelli eftir að hann hefur hlotið áminningu, skal hann eingöngu hljóta refsingu í samræmi við brottvísunina, þ.e. áminningin fellur niður.
- 13.1.4. Sé leikmanni vísað af leikvelli fyrir ofsalega framkomu, alvarlega grófa leik eða aðra grófa óþróttamannslega framkomu, skal refsa honum með leikbanni allt að 6 leikjum.
- 13.1.5. Aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að setja leikmann í tímabundið keppnisbann í öllum aldursflokkum, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða.

**Greinin hljóði svo:**

13. gr. Viðurlög við agabrotum
- 13.1. Viðurlög við agabrotum ákvarðast sem hér segir:
- 13.1.1. Leikmaður sem fær eftirfarandi fjölda áminninga á sama keppnistímabili skal úrskurðaður í leikbann sem hér segir:  
**4 áminningar – bann í 1 leik**  
**7 áminningar – bann í 1 leik**  
**10 áminningar – bann í 1 leik**  
**Þriðja hver áminning eftir það bann í 1 leik**
- 13.1.2. Leikmaður, sem vísað er af leikvelli einu sinni eða oftár á sama keppnistímabili, skal fara sjálfkrafa í leikbann í næsta leik eða næstu leikjum sem hér segir:  
 1. brottvísun –sjálfkrafa bann í 1 leik  
 2. brottvísun –sjálfkrafa bann í 2 leiki  
 3. brottvísun –sjálfkrafa bann í 3 leik  
 4. brottvísun –sjálfkrafa bann í 4 leiki, o.s.frv.
- 13.1.3. Sé leikmanni vísað af leikvelli eftir að hann hefur hlotið áminningu, skal hann eingöngu hljóta refsingu í samræmi við brottvísunina, þ.e. áminningin fellur niður.
- 13.1.4. Sé leikmanni vísað af leikvelli fyrir ofsalega framkomu, alvarlega grófan leik eða aðra grófa óíþróttamannslega framkomu, skal refsa honum með leikbanni allt að 6 leikjum.
- 13.1.5. Aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að setja leikmann í tímabundið keppnisbann í öllum aldursflokkum, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða.

**Greinargerð:**

Stjórn KSÍ leggur til að núverandi kerfi við lagað og komið til móts við þá staðreynd að leikjum hefur fjölgað. Reglan yrði sú að fyrsta leikbann verði áfram eftir 4 áminningar en síðan 1 leiks bann eftir hverjar 3 áminningar til viðbótar. Leikbann í 2 leiki vegna áminninga verði aflagt. Annað leikbann komi eftir 7 áminningar í stað 6 áður og þriðja leikbannið eftir 10 áminningar í stað 8 áður (og þá í 2 leiki). Hafa verður hugfast að áminningar eru ekki eingöngu til refsingar heldur til þess að leikurinn verði leikinn skv. leikreglum þannig að komið sé sem mest í veg fyrir grófan leik. Það er einmitt staðreynd að leikmenn missa úr leiki vegna meiðsla sem verða í kjölfar grófs leiks. Þannig eru áminningar einnig til að vernda leikmenn og til að stuðla að háttvísi. Rétt er að benda á að aðeins 12 leikmenn fengu 8 áminningar eða fleiri í meistaraflokki karla á keppnistímabilinu 2011. Stjórn KSÍ mælir ekki með því að greina á milli agaviðurlaga í Íslandsmóti og bikarkeppni því þá mun halla á þau lið sem hefja leik í forkeppninni. Ef sú regla hefði verið viðhöfð í bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki karla 2011 að leikmaður fengi leikbann eftir þrjár áminningar hefði engin leikmaður fengið leikbann af þeim sökum á því ári. Aðeins einn leikmaður fékk þrjár áminningar en þriðja áminning hans var í tapleik.

**Breytingartillaga vegna tillagna um agaviðurlög á þingskjölum 8 og 9 var samþykkt.**

**Þingskjal 10**

Framsögu hafði Gísli Gíslason.

**Ályktunartillaga um breytingu  
á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót  
– Aldursflokkaskipting–**

Lagt er til við stjórn KSÍ að breyting verði gerð á ákvæði 2. greinar í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

**Greinin hljóðar svo:**

2. gr. Aldursflokkaskipting
- 2.1. Aldursflokkaskipting leikmanna skal vera sem hér segir:
- 2.1.1. 1.aldursflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 20 árs.
  - 2.1.2. 2.aldursflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 17 ára og til og með því almanaksári er hann verður 19 ára.
  - 2.1.3. 3.aldursflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 15 ára og til og með því almanaksári er hann verður 16 ára.
  - 2.1.4. 4.aldursflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 13 ára og til og með því almanaksári er hann verður 14 ára.
  - 2.1.5. 5.aldursflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 11 ára og til og með því almanaksári er hann verður 12 ára.
  - 2.1.6. 6.aldursflokkur: Til og með því almanaksári er leikmaður verður 10 ára.
- 2.2. Hverjum aldursflokki má skipta niður í lið eftir getu. Skal skipta 1. aldursflokki þannig að besta liðið heiti meistaraflokkur og næstbesta 1. flokkur. Öðrum aldursflokkum skal skipt niður í A, B og C lið og svo framvegis. Þeim liðum má skipta eftir getu í lið 1, 2, 3 og svo framvegis.

**Greinin hljóði svo:**

2. gr. Aldursflokkaskipting
- 2.1. Aldursflokkaskipting leikmanna skal vera sem hér segir:
- 2.1.1. 1.aldursflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 21 árs.
  - 2.1.2. 2.aldursflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 18 ára og til og með því almanaksári er hann verður 20 ára.
  - 2.1.3. 3.aldursflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 16 ára og til og með því almanaksári er hann verður 17 ára.
  - 2.1.4. 4.aldursflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 14 ára og til og með því almanaksári er hann verður 15 ára.
  - 2.1.5. 5.aldursflokkur: Frá og með því almanaksári er leikmaður verður 12 ára og til og með því almanaksári er hann verður 13 ára.
  - 2.1.6. 6.aldursflokkur: Til og með því almanaksári er leikmaður verður 11 ára.
- 2.2. Hverjum aldursflokki má skipta niður í lið eftir getu. Skal skipta 1. aldursflokki þannig að besta liðið heiti meistaraflokkur og næstbesta 1. flokkur. Öðrum aldursflokkum skal skipt niður í A, B og C lið og svo framvegis. Þeim liðum má skipta eftir getu í lið 1, 2, 3 og svo framvegis.

**Greinargerð:**

Tillagan felur í sér að einu ári er bætt við aldursflokkaskiptingu í 2. flokki en aldursmörk allra yngri flokka hækkuð um eitt ár. Með því er verið að lengja skipulagt starf í yngri flokkum. Fyrir félög sem eru með



fámennan annan og þriðja flokk, sem ætla má að þekkist mjög víða, gefur þetta aukna möguleika á að halda leikmönnum, körlum og konum, í skipulögðu starfi með verkefnum við hæfi. Fyrirkomulagið ætti því að vinna gegn brottfalli á þessum aldri. Þá er þessi skipting nær aldurskiptingu yngri landsliða

Knattspyrnudeild Grindavíkur

Tillaga á þingskjali 10 var felld.

## Þingskjal 11

Framsögu hafði Gísli Gíslason.

### Ályktunartillaga um skipun starfshóps

Lagt er til við ársþing eftirfarandi:

66. ársþing KSÍ samþykkir að fela stjórn KSÍ að skipa þriggja manna starfshóp til að skoða aldurskiptingu 2. greinar reglugerðar um knattspyrnumót. Starfshópurinn skili tillögum sínum til stjórnar KSÍ eigi síðar en í september 2012 þannig að unnt verði að leggja niðurstöðuna fyrir fund formanna félaga innan KSÍ á haustdögum 2012. Á grundvelli niðurstaðna starfshópsins verði unnin tillaga að breytingu á greininni eftir því sem efni standa til.

Starfshópurinn skal m.a. leggja fram upplýsingar um eftirfarandi:

- Heildar fjölda iðkenda í einstökum flokkum félaga innan KSÍ.
- Meðalfjöldi iðkenda í hverjum flokki félaga innan KSÍ.
- Greiningu á fjölda iðkenda eftir landshlutum.
- Mat á fjölgun iðkenda ef einu ári verður bætt við aldursflokkaskiptinguna.
- Valkosti um breytta aldursflokkaskiptingu sem geri ráð fyrir að aldursmörk í öðrum aldursflokki nái til einstaklinga sem verði 21 árs á viðkomandi ári.
- Mat á hagræði eða ágöllum við breytingar skv. d-lið.

Knattspyrnudeild ÍA

Fjallað var sameiginlega um þingskjöl 10 og 11.

Jónas Þórhallsson tók til máls og lýsti áhyggjum af brottfalli ungra iðkenda og einnig vaxandi samkeppni við aðrar íþróttagreinar um hylli unga fólksins. Breytt aldursflokkaskipting gæti hamlað gegn brottfalli. Jónas lagði einnig til að KSÍ byrjaði með 15 ára landslið.

Stefán Már Guðmundsson sagði tillögu Grindvíkinga um breytta skipan aldursflokka í sjálfu sér ágæta, en vildi þó fara með gát og taldi rétt að málið yrði skoðað í starfshópi.

Tillaga á þingskjali 11 var samþykkt.

## Þingskjal 12

Framsögu hafði Örn Gunnarsson.

**Ályktunartillaga um breytingu  
á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót  
– Skýrsla dómara–**

Lagt er til við stjórn KSÍ að breyting verði gerð á ákvæði 9.5. greinar í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

**Greinin hljóðar svo:**

9.5 Að leik loknum gengur dómari frá leikskýrslu og skal hann rita á skýrsluna hverjir hafi gerst brotlegir skv. agareglum KSÍ. Þá skal hann staðfesta úrslit leiks með sms-skeyti til KSÍ skv. nánari leiðbeiningum framkvæmdastjóra KSÍ þar um. Í meistaraflokki og öðrum þeim leikjum þar sem dómari er tilnefndur KSÍ skal dómari sjá um skýrsluskil en heimalið í öðrum leikjum. Leikskýrsluna skal setja í póst eigi síðar en næsta virka dag eftir leik eða henni komið þann dag á skrifstofu KSÍ.

**Greinin hljóði svo:**

9.5 Að leik loknum gengur dómari frá leikskýrslu og skal hann rita á skýrsluna hverjir hafi gerst brotlegir skv. agareglum KSÍ. Þá skal hann staðfesta úrslit leiks með sms-skeyti til KSÍ skv. nánari leiðbeiningum framkvæmdastjóra KSÍ þar um. Í meistaraflokki og öðrum þeim leikjum þar sem dómari er tilnefndur KSÍ skal dómari sjá um skýrsluskil en heimalið í öðrum leikjum. Leikskýrsluna skal setja í póst eigi síðar en næsta virka dag eftir leik eða henni komið þann dag á skrifstofu KSÍ. **Skýrsla dómara ásamt athugasemdum skal birt á vef KSÍ, með leikskýrslu.**

**Greinargerð:**

Rökstuðningur fyrir tillögunni lítur að því að félögum er gefin kostur á því skv. gr. 6.2 í reglugerð um Aga- og úrskurðarmál að kalla eftir skýrslu dómara í þeim tilgangi að koma að athugasemdum fyrir Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ áður en að úrskurður er kveðin upp í viðkomandi tilvikum. Til þess að félögum sé unnt að leggja mat á framburð dómara er þeim nauðsyn að geta skoðað hvernig sambærileg tilvik hafa verið metin af dómara og Aga- og úrskurðarnefnd í sambærilegum tilvikum. Með því að hafa umsagnir dómara opinberar aukast einnig líkur á því að meira samræmi sé í skýrslugerð dómara og að sambærileg atvik fái sambærilega úrlausn.

Breiðablik, FH, Fram, Fylkir, Keflavík, KR, ÍA, ÍBV, Valur, Víkingur, Selfoss, Stjarnan og Þór A.

Þórir Hákonarson tók til máls og lagðist gegn tillögunni og sagði hana myndu auka á neikvæða umræðu. Hann mælti síðan fyrir eftirfarandi frávísunartillögu stjórnar KSÍ:

Lagt er til að tillögunni á þingskjali 12 verði vísað frá og að stjórn KSÍ geri eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál:

**Núverandi texti:**

6.2. Leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs sem fær brottvísun hefur heimild til að gera skriflega athugasemd við brottvísunina til aga- og úrskurðarnefndar innan sólarhrings frá því að leik lýkur. Viðkomandi skal fá afrit gagna og koma með sínar athugasemdir strax eða innan þeirra tímamarka sem aga- og úrskurðarnefnd setur honum. Athugasemd þessi kemur ekki í veg fyrir að sá sem í hlut á fái sjálfkrafa leikbann, en getur haft áhrif varðandi þyngingu refsingar þegar mál er úrskurðað.

*Tillaga um nýtt orðalag (breyting feitletruð):*

6.2. Leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs sem fær brottvísun eða dómari gerir skriflegar athugasemdir við hefur heimild til að gera skriflega athugasemd við brottvísunina/ athugasemdina til aga- og úrskurðarnefndar til hádegis þess dags sem næsti reglulegi fundur nefndarinnar fer fram. Viðkomandi skal fá afrit gagna og koma með sínar athugasemdir strax eða innan þeirra tímamarka sem aga- og úrskurðarnefnd setur honum. Athugasemd þessi kemur ekki í veg fyrir að sá sem í hlut á fái sjálfkrafa leikbann, en getur haft áhrif varðandi þyngingu refsingar þegar mál er úrskurðað.

**Greinargerð:** Stjórn KSÍ telur að atvikaskýrsla dómara vegna brottvísunar sé fyrst og fremst milli dómarans og viðkomandi aðila (leikmanns og félags hans). Það á að vera ákvörðun þess sem í hlut á og félagsins hvort hún sé birt öðrum. Þetta er sjónarmið bæði UEFA og FIFA en KSÍ hefur leitað álits þeirra. Almenn birting atvikaskýrslu dómara mun leiða af sér neikvæða umfjöllun í fjölmiðlum og á veraldarvefnum og frekari deilur vegna starfa dómarans. Með ofangreindri breytingu er leikmönnum/þjálfurum/forráðamönnum/félögum gert auðveldara að nálgast atvikaskýrslu dómara.

Stjórn KSÍ

Örn Gunnarsson tók til máls og ítrekaði að leikskýrsla væri ekki einkamál viðkomandi félags því spjöld og leikbönn hefðu áhrif á önnur félög í sömu deild eða keppni.

Þórir Hákonarson sagði að með frávisunartillögunni væri rýmkaður sá tími sem félög fengju til að nálgast skýrslur og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Gylfi Orrason tók til máls og varaði við að tillaga á þingskjali 11 yrði samþykkt og vildi að menn íhuguðu þessi mál betur. Hún gæti t.a.m. haft áhrif á unga og reynslulitla dómara.

Gísli Gíslason tók til máls og sagði að einfalt væri að hafa skýrslur staðlaðar þannig að merkt væri við hvers eðlis brot hefðu verið. Þannig mætti tryggja að sama refsing yrði fyrir sömu brot.

Gylfi sagði að skýrslur dómara væru lagðar til grundvallar í öllum agamálum og spurði hvort það skipti sköpum að aðeins yrði dokað við.

Almar Guðmundsson tók til máls og sagði að tillaga stjórnar KSÍ væri um frávisun en ekki um að fresta málinu. Hann sagðist frekar vilja málefnalega umræðu en frávisun.

Geir Þorsteinsson tók til máls og sagði að almennt ætti að beita hófsömum aðgerðum og vel þyrfti að fara með agavaldið. Hann sagði að stjórnin drægi frávisunartillöguna til baka, en lagði til að tillaga félaganna færi til vinnu og skoðunar í starfshópi. Lagði Geir fram eftirfarandi tillögu:

**„Lagt er til að stjórn KSÍ skipi 3-5 manna starfshóp sem ætlað er að fjalla um tillögu 13 félaga á þingskjali 12 á ársþingi KSÍ 2012. Stjórn skipi starfshópin sem fyrst og hópurinn skili niðurstöðum sínum fyrir lok keppnistímabils 2012“**

Hjalti Kristjánsson tók til máls og sagði sig fylgjandi tillögu formanns KSÍ. Hann sagðist vilja leyfa notkun myndbanda við ákvörðun agarefsinga.

**Frávisunartillaga stjórnar KSÍ var dregin til baka.**

**Tillaga á þingskjali 12 var ekki tekin til afgreiðslu.**

**Tillaga Geirs Þorsteinssonar um skipan starfshóps var samþykkt.**

## Þingskjal 13

Framsögu hafði Örn Gunnarsson.

**Ályktunartillaga um breytingu  
á reglugerð KSÍ um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn  
– Skýrsla eftirlitsmanns–**

Lagt er til við stjórn KSÍ að breyting verði gerð á ákvæði 8.2. greinar í reglugerð KSÍ um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn

***Greinin hljóðar svo:***

8.2 Hlutverk eftirlitsmanna er að fylgjast með og gefa skýrslu um frammistöðu dómara og aðstoðardómara. Skýrslur eftirlitsmanna skulu gerðar á sérstöku eyðublaði, sem dómaranefnd útbýr og leggur til, og skal útfylling og frágangur vera skv. leiðbeiningum nefndarinnar. Eftirlitsmenn skulu senda skýrslur sínar með tölvupósti til skrifstofu KSÍ innan sólarhrings frá því að leik lýkur.

***Greinin hljóði svo:***

8.2 Hlutverk eftirlitsmanna er að fylgjast með og gefa skýrslu um frammistöðu dómara og aðstoðardómara. Skýrslur eftirlitsmanna skulu gerðar á sérstöku eyðublaði, sem dómaranefnd útbýr og leggur til, og skal útfylling og frágangur vera skv. leiðbeiningum nefndarinnar. Eftirlitsmenn skulu senda skýrslur sínar með tölvupósti til skrifstofu KSÍ innan sólarhrings frá því að leik lýkur. Þá skal eftirlitsmaður gera skýrslu um framkvæmd leiks sem skal birt á innrífef KSÍ, með leikskýrslu.

***Greinargerð:***

Umsagnar eftirlitsmanna um framkvæmd leiks geta varðar félögin miklu. Mikilvægt er því að athugasemdir eftirlitsmanna séu félögunum aðgengileg án tafar, svo unnt sé að koma fram athugasemdum eða koma á úrbótum vegna atvika sem getið er um í skýrslu eftirlitsmanns.

Breiðablik, FH, Fram, Fylkir, Keflavík, KR, ÍA, ÍBV, Valur, Víkingur, Selfoss, Stjarnan og Þór A

Tillaga á þingskjali 13 var samþykkt.



**Þingskjal 14**

Framsögu hafði Örn Gunnarsson.

**Ályktunartillaga um breytingu  
á reglugerð KSÍ félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.  
– Gerðardómur–**

Lagt er til við stjórn KSÍ að breyting verði gerð á ákvæði 23.1.4. greinar í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

**Greinin hljóðar svo:**

23.1.4. Hvor aðili fyrir sig getur þó farið fram á að ágreiningurinn verði lagður í gerð, sbr. lög nr. 53 frá 1989 um samningsbundna gerðardóma, og skal krafa um slíkt lögð fram skriflega áður en nefndin tekur málið til efnislegrar meðferðar. Skal hvor aðili þá skipa einn mann í gerðardóm og skal aga – og úrskurðarnefnd KSÍ skipa oddamann.

**Greinin hljóði svo:**

23.1.4. Hvor aðili fyrir sig getur þó farið fram á að ágreiningurinn verði lagður í gerð, sbr. lög nr. 53 frá 1989 um samningsbundna gerðardóma, og skal krafa um slíkt lögð fram skriflega áður en nefndin tekur málið til efnislegrar meðferðar. Skal hvor aðili þá skipa einn mann í gerðardóm og skal **Héraðsdómur Reykjavíkur** skipa oddamann.

**Greinargerð:**

Gerðardómur Alþjóða Ólympíuhreyfingarinnar hefur úrskurðar að gerðardómsákvæði Knattspyrnusambands Íslands uppfylli ekki skilyrði reglna FIFA um óháðan gerðardóm og því geti leikmenn, félög eða aðrir starfsmenn félaga skotið málum til UEFA, FIFA eða CAS með tilheyrandi kostnaði fyrir hreyfinguna. Með lagfæringu á gerðardómsákvæði reglugerðarinnar er málsmeðferðarkerfi KSÍ tryggð ótvíræð lögsaga í málum sem varða samskipti félaga og leikmanna innanlands.

Breiðablik, FH, Fram, Fylkir, Keflavík, KR, ÍA, ÍBV, Valur, Víkingur, Selfoss, Stjarnan og Þór A

Lúðvík Georgsson tók til máls og lagði til að tillagan yrði samþykkt, en benti á að hún gæti haft aukinn kostnað í för með sér.

**Tillaga á þingskjali 14 var samþykkt**

**Önnur mál:**

Þórir Hákonarson flutti yfirlit um breytingar á reglugerðum KSÍ á liðnu starfsári og jafnframt var breytingunum dreift til allra þingfulltrúa.

Þórir Hákonarson mælti fyrir tillögum á þingskjölum 15, 16 og 17.

**Þingskjal 15****Tillaga til ályktunar  
– Ferðasjóður ÍSÍ –**

Árþing KSÍ skorar á menntamálaráðherra að standa vörð um ferðasjóð ÍSÍ og endurskoða þá ákvörðun að hækka ekki framlög til sjóðsins í samræmi við fyrri samþykktir.

**Greinargerð:**

Ferðasjóðurinn hefur þegar sannað gildi sitt og fjölmörg aðildarfélög ÍSÍ hafa notið góðs af honum. mikilvægt er að í framtíðinni geti sjóðurinn stuðlað að enn meiri jöfnuði þannig að búseta íþróttafólks hamli ekki þátttöku í íþróttastarfi.

**Stjórn KSÍ**

Tillaga á þingskjali 15 var samþykkt.

---

**Þingskjal 16****Tillaga til ályktunar  
- Íþróttaslysasjóður -**

Árþing KSÍ mótmælir því harðlega að fjárframlög til Íþróttaslysasjóðs séu skert í stað þess að þau séu aukin í samræmi við fjölgun umsókna og íþróttafólk sé ekki tryggt í samræmi við áður samþykka reglugerð um slysatryggingar íþróttafólks ef slys ber að höndum.

**Greinargerð:**

Í lögum um almannatryggingar er skýrt að íþróttafólki skulu tryggðar slysatryggingar en veruleg lækkun hefur orðið á framlagi velferðarráðuneytis í sjóðinn auk þess sem fjöldi umsókna hefur aukist og ekki er fjármagn í sjóðnum til þess að hann standi undir hlutverki sínu.

Er það von aðildarfélag KSÍ að ráðherra velferðarmála tryggi frekari framlög til sjóðsins svo reka megi lögbundinn sjóð í samræmi við yfirlýst hlutverk hans. Það er með öllu óviðunandi að íþróttafólk og íþróttafélög séu í mikilli óvissu um framtíð sjóðsins og að enn frekar séu framlög til íþróttahreyfingarinnar skorin niður. Með þeirri ákvörðun að fresta afgreiðslu umsókna vegna slysa sem áttu sér stað á árinu 2010 og 2011 er verulegum kostnaði varpað yfir á iðkendur íþróttar og þau aðildarfélög sem byggja íþróttahreyfinguna í landinu og ljóst að undir þeim kostnaðarauka geta þessir aðilar ekki staðið.

**Stjórn KSÍ**

Tillaga á þingskjali 16 var samþykkt.

## Þingskjal 17

Tillaga til ályktunar  
- Tekjuskattur af þjálfun –

## 66. ársþing KSÍ hvetur Alþingi til að heimila endurgreiðslu á tekjuskatti af launum knattspyrnuþjálfara yngri flokka, til knattspyrnufélaga

Tillaga á þingskjali 17 var samþykkt.

Jónas Sigurðsson tók til máls og kynnti myndina BLIKKIÐ – saga Melavallarins, en KSÍ styrkir gerð myndarinnar. Gerð myndarinnar má rekja til Íþróttabandalags Reykjavíkur og gerir Kári G. Schram myndina. Hún verður frumsýnd í Bíó Paradís í marsmánuði. Jónas sagði að myndin væri einstæð heimild og m.a. hefði verið safnað níu klukkustundum af viðtölum við gerð hennar. Auk hreyfimynda væri mikið af ljósmyndum í myndinni.

Lúðvík Georgsson tók til máls og vakti athygli á mynddiski frá UEFA með fræðslufni um viðhald knattspyrnuvalla þar sem tveir af fremstu sérfræðingum Evrópu á þessu sviði væru í aðalhlutverki. Mannvirkjanefnd KSÍ hefðu gert þetta efni að sínu með því að íslenska efnið og inngangur væri á íslensku á disknum. Diskurinn var afhentur fulltrúum á þinginu.

## Kosningar

Álit kjörnefndar flutti Steinn Halldórsson formaður.

## Kosning til aðalstjórnar til tveggja ára:

Einar Hermannsson, ÍBR  
Gísli Gíslason, ÍA  
Lúðvík S. Georgsson, ÍBR  
Ragnhildur Skúladóttir, ÍBR  
Rúnar Arnarson, ÍRB  
Sigvaldi Einarsson, UMSK  
Unnsteinn Jónsson, ÍBA

Kosning fór fram samkvæmt lögum KSÍ. 126 þingfulltrúar höfðu rétt til að greiða atkvæði, 126 seðlum var dreift til fulltrúa, 126 skiluðu sér til baka í kjörkassana, 1 seðill var auður og einn ógildur.

## Úrslit kosninga:

Ragnhildur Skúladóttir (101 atkvæði)  
Gísli Gíslason (99 atkvæði)  
Lúðvík S. Georgsson (91 atkvæði)  
Rúnar Arnarson (74 atkvæði)  
Unnsteinn Jónsson (73 atkvæði)  
Sigvaldi Einarsson (33 atkvæði)  
Einar Hermannsson (25 atkvæði)

Gísli Gíslason, Lúðvík S. Georgsson, Ragnhildur Skúladóttir og Rúnar Arnarson eru því réttkjörin í aðalstjórn KSÍ til tveggja ára.

**Kosning aðalfulltrúa landshluta til eins árs:**

Vesturland	Jakob Skúlason, UMSB
Norðurland	Björn Friðþjófsson, UMSE
Austurland	Valdemar Einarsson, UÍA
Suðurland	Tómas Þóroddsson, HSK

Allir ofantaldir voru sjálfkjörnir.

**Kosning til varastjórnar til eins árs**

Jóhannes Ólafsson, ÍBV  
 Jóhann Króknes Torfason, HSV  
 Þórarinn Gunnarsson, ÍBR  
 Allir ofantaldir voru sjálfkjörnir.

**Kosning varafulltrúa landshluta til eins árs**

Vesturland	Vigfús Örn Gíslason, HSH
Norðurland	Ómar Bragi Stefánsson, UMSS
Austurland	Magnús Ásgrímsson, UÍA
Suðurland	Trausti Hjaltason, ÍBV

Allir ofantaldir voru sjálfkjörnir.

**Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ**

Tillaga kjörnefndar um að vísa skipun fulltrúa á íþróttaping til stjórnar KSÍ var samþykkt.

**Kosning skoðunarmanna reikninga KSÍ**

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda sem skoðunarmenn KSÍ til eins árs var samþykkt:

Aðalmenn	Hannes Þ. Sigurðsson Haukur Gunnarsson
Varamenn	Reynir Karlsson Elías Hergeirsson

**Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ**

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í áfrýjunardómstól KSÍ til eins árs var samþykkt:

Aðalmenn	Sigurður G. Guðjónsson Guðmundur Pétursson Lúðvík Örn Steinarsson
Varamenn	Brynjar Nielsson Guðmundur Þórðarson Hörður Felix Harðarson Jóhannes Albert Sævarsson Kolbeinn Árnason

**Kjörnefnd**

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þeir sjálfkjörnir:  
 Steinn Halldórsson formaður  
 Einar K. Jónsson  
 Jónas Gestur Jónasson

**Endurskoðandi**

Gerð var tillaga um Björn Inga Victorsson sem endurskoðanda KSÍ og var hann sjálfkjörinn.

**Kosning í siðanefnd KSÍ**

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í siðanefnd KSÍ til eins árs var samþykkt:


Aðalmenn	Albert Eymundsson Kristrún Heimisdóttir
Varamenn	Helgi Þorvaldsson Hanna Sigríður Sigurðardóttir

**Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.**


**Þingslit**

Guðmundur Pétursson, 1. þingforseti, þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og starfsmönnum fyrir þeirra störf. Hann fól að því loknu Geir Þorsteinssyni formanni KSÍ að slíta 66. ársþingi Knattspyrnusambands Íslands.


Geir Þorsteinsson þakkaði Jóni Gunnlaugssyni og Sigvalda Einarssyni góð störf í stjórn Knattspyrnusambands Íslands. Hann bauð Gísla Gíslason og Jóhann Króknes Torfason velkomna til starfa í stjórn KSÍ. Hann þakkaði þingfulltrúum gott og málefnalegt þing og starfsfólki vel unnin störf. Geir sleit að því loknu 66. ársþingi Knattspyrnusambands Íslands.




Guðmundur Pétursson  
1. þingforseti



Ágúst Ingi Jónsson  
1. þingritari



Steinn Halldórsson  
2. þingforseti



Klara Bjartmarz  
2. þingritari